

Akureyri, 18. febrúar 2026

Efni: Umsögn Stapa lífeyrissjóðs um áform um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða)

Vísað er til áformaskjals dagsett 9. febrúar sl. sem birt var í Samráðsgátt sama dag.

Stapi lífeyrissjóður (Stapi) fagnar þeim áformum sem birtast í áformaskjalinu er varða hóflegar tilslakanir á magnbundnum takmörkunum á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða. Með áformuðum breytingum verður í auknum mæli stuðst við skynsemissreglu sem ætti að stuðla að skilvirkari eignastýringu íslenskra lífeyrissjóða. Í áformaskjalinu er forsaga málsins rakin og rökstutt hvers vegna breytinga er þörf.

Í áformaskjalinu er einnig fjallað um aðrar breytingar á rekstri, innra eftirliti og innri endurskoðun lífeyrissjóða. Forsaga og nauðsyn slíkra breytinga virðist ekki vera að finna í áformaskjalinu og tenging þeirra breytinga við breytingar á magnbundnum takmörkunum er því óljós. Sérstaklega vekur athygli Stapa áform um breytingar á kröfum til tryggingastærðfræðinga þar sem áformað er að færa þær til samræmis við kröfur sem gerðar eru til þeirra sem annast samsvarandi verkefni hjá váttryggingafélögum og starfstengdum eftirlaunasjóðum.

Þar sem áformaskjalið fjallar ekki sérstaklega um þessar breytingar er ekki unnt að slá föstu hversu langt er gert ráð fyrir að ganga í auknum kröfum til tryggingastærðfræðinga lífeyrissjóða. Ef horft er til hlutverks tryggingastærðfræðinga váttryggingafélaga mál gera ráð fyrir að breytingin hefði í för með sér að verkefni þeirra færðust frá því að vera árleg (og eftir þörfum umfram það) í að vera viðvarandi í daglegri starfsemi sjóðanna. Ekki verður séð að sú hóflega breyting á magnbundnum takmörkunum fjárfestingarheimilda sem áformaskjalið fjallar um kalli á slíka breytingu.

Vart þarf að taka fram að veigamikill munur er á starfsemi og þróun skuldbindinga váttryggingafélaga og lífeyrissjóða. Váttryggingafélög fást meðal annars við óvænta og stóra tjónsatburði, samfellda vöruþróun og verðlagningu, eru rekin á hagnaðargrunni og rekstrarhæfi þeirra grundvallast meðal annars á fullnægjandi eiginfjárstöðu. Skuldbindingar lífeyrissjóða eru dreifðar og í eðli sínu tregbreytanlegar og „verðlagning“ afurða lífeyrissjóða verður aðeins breytt með samþykktarbreytingum sem ekki koma til afgreiðslu án álits tryggingastærðfræðings svo dæmi séu tekin. Því verður ekki séð að þörf verði á því að tryggingastærðfræðingur hafi viðvarandi daglegt hlutverk hjá lífeyrissjóði. Auk þess er fyrirséð að breyting á hlutverki tryggingastærðfræðinga lífeyrissjóða til samræmis við hlutverk kollega þeirra hjá váttryggingafélögum hefði í för með sér töluverðan kostnaðarauka fyrir lífeyrissjóði.

Á undanförunum árum hafa lífeyrissjóðir lagt aukna áherslu á reglubundið mat á skuldbindingum þeirra. Slíkar athuganir eru því orðnar hluti af hefðbundinni starfsemi áhættustýringa sjóðanna í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og ekki gefið tilefni til breytinga.

Þá er rétt að benda á að aðeins tíu einstaklingar hafa hlotið [viðurkenningu frá Seðlabanka Íslands](#) til að sinna verkefnum tryggingastærðfræðings tiltekinna líftryggingafélaga og til að sinna tryggingafræðilegum athugunum í starfsemi lífeyrissjóða. Af þeim virðast aðeins þrír hafa sinnt störfum fyrir lífeyrissjóði undanfarin ár og því verulegum vafa undirorpið að allir lífeyrissjóðir landsins ráði viðurkenndan tryggingastærðfræðing til starfa.

Lagt er til að fallið verði frá fyrirhugaðri breytingu á hlutverki tryggingastærðfræðings hjá lífeyrissjóðum eða þær verði færðar í sérstakt áformaskjal þar sem gerð verði grein fyrir tilefni fyrirhugaðra breytinga og leiðum að markmiðum svo unnt verði að eiga upplýsta umræðu um málið frá byrjun.

Virðingarfyllst,
Jóhann Steinar Jóhannsson